



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

3. fundur stjórnar. Starfsárið 2025-2026

Haldið í skrifstofu JSÍ Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal ásamt „Teams“

Þriðjudaginn 14. nóvember 2025 kl. 19:00.

Mættir eru:

Gísli F. Egilson, formaður

Ægir Valsson, varaformaður

Björn Hjalttested Gunnarsson, gjaldkeri

Eyjólfur Orri Sverrisson, ritari

Ásgeir Ásgeirsson, varamaður

Ásbjörn Blöndal, varamaður

Þormóður Árni Jónsson afreksstjóri JSÍ.

Fjarverandi:

Daníela Rut Daníelsdóttir, stjórnarmaður

Sigmundur Magnússon, stjórnarmaður

Aleksandra Lis, stjórnarmaður

Logi Haraldsson, Varamaður

Gísli F. Egilson formaður setur fund og kynnir dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send öllum stjórnarmönnum og varamönnum en engar athugasemdir bárust ritara. Fundargerð telst samþykkt og verður birt á heimasíðu JSÍ í framhaldinu.

2. Fjármál.

Upp hefur komið sú staða að JSÍ stendur frammi fyrir því að þurfa að endurgreiða til ÍSÍ styrki sem ekki nýttust. Rýna þarf frekar umsóknarferli og skoða orðalag, en einnig að skoða hvort útlagður kostnaður JSÍ í málaflokki geti gengið til móts við kröfu ÍSÍ. Þá þarf að skoða hvernig hinar ýmsu ferðir eru bókaðar og það sé gert með réttum hætti þannig að ef umræddur kostnaður geti gengið til móts við styrk frá ÍSÍ sé hann bókfærður með réttum hætti, þ.e verkefni og áherslur þurfa að endurspegla hvort styrkur sé á móti. Gísli og Ægir ætla að skoða það mál frekar.

3. Þróunar og útbreiðsluverkefni

Ekki var umræða um þennan málalið sérstaklega á þessum fundi

4. Starfsmannamál.

Ekki var umræða um þennan málalið sérstaklega á þessum fundi

5. Nefndir.

Ekki var umræða um þennan málalið sérstaklega á þessum fundi

6. Önnur mál.

Gísli formaður tilkynnti að hann væri með mörg persónuleg verkefni í gangi á þessum tíma og hefði því áhyggjur af því að missa sjónar á þeim mörgu boltum sem hann er með á lofti. Í ljósi þess óskaði hann eftir því að vera leystur tímabundið frá skyldum sínum sem formaður og óskaði eftir því að Ægir tæki við keflinu þar til um hægir hjá honum. Umrætt samþykkt samhljóma og Ægir settur sem formaður.

Umræða var um haustmótið á Selfossi sem heppnaðist vel og var mótsstaður mjög góður. Betur hefði mátt ganga með tölvubúnað sem notaður er til stjórnunar á móti, en þjálfun vantar á þennan búnað þannig tafir urðu á móti. Umræddur búnaður er frá JSÍ, en skoða þarf frekar hvort ekki sé tímabært að uppfæra búnað og skoða t.a.m „JudoManager“, en Gísli ætlar að skoða það nánar. Þá er ljóst að dómaramál þarf að laga, en erfitt hefur verið að manna í þær stöður.

Ægir og Þormóður ætla sækja fund með ÍSÍ 16 þ.m. þar sem kynntar verða breytingar á úthlutunarreglum úr afrekssjóði, munu þeir kynna fyrir stjórn niðurstöðu þess fundar síðar.

Þá er ljóst að JSÍ uppfyllir allar þær kröfur sem gert er til afreksíþróttasambands í dag, en erfitt getur reynst að komast á þann sess aftur.

Umræða var um afreks-íþróttamenn og búðir sem þeim er boðið til, en vangaveltur hafa verið um haldara og ætlar Ægir að skoða mál og senda upplýsingapóst út í framhaldinu.

RIG. Þormóður átti fund með Rögnu (ÍBR), varðandi RIG, en bein útsending og almennur fréttaplutningur er óljós. JSÍ telur þetta vera frumskilyrði svo hægt sé að ná í fjármögnun með góðu móti, sem hefur verið erfitt hingað til. Þá er ekki ljóst hvaða dagsetning stendur okkur til boða en til að geta verið í gömlu höllinni þyrfti mót að vera á sunnudeginum. Þá er ljóst að kostnaður við RIG á móti framkvæmd, vekur upp spurningu hvort hægt sé að taka þátt yfir höfuð, en síðustu ár hefur umrætt verið kostnaður upp á 2-3 milj. Í ljósi þess var ákveðið að JSÍ taki ekki þátt að þessu sinni.

Haustmót JRB verður um helgina í Akurskóla í Reykjanesbæ. Hefur salur verið tekin frá og bókaður. JRB er með tölvukerfi til staðar. Fulltrúi frá JSÍ mun mæta á staðinn fyrir vigtun.

Almenn umræða var um vigtun en ákvörðun er að farið verður eftir reglum og stöðlum sem um mál gilda, viktað verður á keppnisstað, með möguleika á að vigta degi fyrr, á keppnisstað.



7. Næsti fundur

Ægir mun boða næsta fund.

Fundi slitið um 21:10

Ægir Valson settur formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir fund.

